

Ár 2007, 23. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

**Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð
að ákveða laun og starfskjör yfirdýralæknis**

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Um leið féllu úr gildi lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar löggin um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Yfirdýralæknir heyrði áður undir úrskurðarvald kjaranefndar og heyrir því undir kjararáð samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

II.

Kjaranefnd barst bréf, dagsett 16. júní 2006, frá yfirdýralækni. Í bréfinu óskaði hann eftir að kjaranefnd endurskoðaði laun hans. Eins og áður segir féllu lög um Kjaradóm og kjaranefnd úr gildi við gildistöku laga um kjararáð og tók kjararáð við málum sem ólokið var hjá kjaranefnd.

Í samræmi við 5. gr., sbr. 4. gr. laga um kjararáð, tók ráðið til skoðunar hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör yfirdýralæknis. Kjararáð gaf yfirdýralækni, Landbúnaðarstofnun, landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti, með bréfum dagsettu 11. desember 2006, kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins.

Svar barst frá Landbúnaðarstofnun með bréfi dagsettu 18. desember 2006. Í bréfinu sagði að breytingar á ýmsum lögum sem gerðar hefðu verið við stofnun Landbúnaðarstofnunar kæmu fram í lögum nr. 76/2005. Stofnunin hefði tekið að mestu yfir þau verkefni sem áður voru hjá embætti yfirdýralæknis. Yfirdýralæknir hefði þó enn sérstöðu í afmörkuðum málum. Samkvæmt lögum nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun skal forstjóri ráða starfsfólk stofnunarinnar og þar með talið sviðsstjóra yfir hvert svið stofnunarinnar. Á því væri þó sú undantekning að landbúnaðarráðherra skipaði sviðsstjóra yfir það fagsvið sem færi með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og skyldi hann nefnast yfirdýralæknir.

Þessi skipan tæki mið af því að yfirdýralækni væri falið að veita ráðherra ráðgjöf um inn- og útflutning tiltekinna vörutegunda til að verjast útbreiðslu dýrasjúkdóma. Sú breyting hefði verið gerð á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma teldust ekki lengur embættismenn þar sem þeir væru nú starfsmenn Landbúnaðarstofnunar og ráðnir af forstjóra hennar. Yfirdýralæknir héldi hins vegar stöðu sinni sem embættismaður þar sem hann væri skipaður af landbúnaðarráðherra. Ekki var þó lagt mat á hvort kjararáð skyldi ákveða laun og starfskjör yfirdýralæknis eftir stofnun Landbúnaðarstofnunar og þær breytingar sem þar með voru gerðar á stöðu hans.

Yfirdýralæknir svaraði með bréfi dagsettu 27. desember 2006. Í bréfinu vakti hann athygli á stöðu yfirdýralæknis við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Löggjafarvaldið hefði ákveðið að yfirdýralæknir skyldi vera embættismaður, skipaður af landbúnaðarráðherra og með ákveðið hlutverk innan stjórnáráðs. Það væri því álit hans að staðan félli undir 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð.

Fjármálaráðuneytið vísaði í bréfi sínu, dagsettu 28. desember 2006, til fyrra bréfs, sem dagsett er 8. nóvember 2006 þar sem rakin voru ákvæði um yfirdýralækni í lögum um Landbúnaðarstofnun. Jafnframt var vísað til laga um kjararáð og lýsti ráðuneytið því sjónarmiði sínu að eðlilegt væri að kjararáð horfði til þeirra við athugun á því hvort ráðið skyldi ákvarða laun og starfskjör yfirdýralæknis.

Svar barst frá landbúnaðarráðuneytinu með bréfi dagsettu 8. janúar 2007. Í bréfinu sagði að yfirdýralæknir teldist til embættismanna samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en samkvæmt 39. gr. þeirra laga skulu laun og önnur starfskjör embættismanna ákveðin af kjararáði enda geti þau ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Starf yfirdýralæknis innan Landbúnaðarstofnunar væri nokkuð frábrugðið því sem áður var, en hann væri nú sviðsstjóri innan stofnunarinnar og staðgengill forstjóra hennar. Þótt yfirdýralæknir væri ekki forstöðumaður eins og áður væri staða hans engu að síður nokkuð sérstök og frábrugðin stöðu annarra sviðsstjóra Landbúnaðarstofnunar. Þannig væri hann skipaður af ráðherra og bæri sérstaka ábyrgð sem embættismaður óháð Landbúnaðarstofnun. Að þessu virtu teldi landbúnaðarráðuneytið að óbreyttu rök fremur hníga til þess að kjararáð héldi áfram að ákveða laun og starfskjör yfirdýralæknis.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 ákveður kjararáð laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem lögin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir lögin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo háttar um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrrisvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Yfirdýralæknir er embættismaður samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 40. gr. sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Í 3. gr. laga nr. 80/2005, sem tóku gildi 1. janúar 2006, segir að forstjóri sé skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Hann fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri. Í 4. gr. segir að forstjóri ráði sviðsstjóra yfir hvert svið, en landbúnaðarráðherra skuli þó skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skuli með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Hann skal heyra undir forstjóra sem setur honum erindisbréf. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum. Samkvæmt framansögðu heyrir yfirdýralæknir undir forstjóra sem fer með yfirstjórn stofnunar og ræður annað starfsfólk en yfirdýralækni. Má af því ráða að forstjórinn fari einnig með fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsfólk í kjaramálum. Þá hefur löggjafinn í bráðabirgðaákvæði laga nr. 47/2006 ítrekað þá almennt viðurkenndu meginreglu, að kjör manna skuli ákveðin í kjarasamningum eftir því sem við verður komið.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að störf yfirdýralæknis séu ekki þess eðlis að heyra skuli undir það að ákveða laun og starfskjör hans, sbr. 4. gr. laga nr. 47/2006.

V.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara yfirdýralæknis heyrir ekki undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir